



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Notkun NMT - 450 tíðnisviðsins á Íslandi

Samantekt umsagna vegna umræðuskjals í desember 2008 og janúar 2009

14. janúar 2009

Efnisyfirlit

Helstu markmið PFS.....	2
Umsagnir hagsmunaaðila.....	2
Skipting tíðnisviðsins.....	2
Framlenging NMT – 450 MHz leyfisins	3
Niðurstaða.....	4

Tilgangur

18. desember 2008 birti Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) umræðuskjal um NMT-450 tíðnisviðsins á Íslandi.

Helstu markmið PFS

- i. Að kanna áhuga á uppsetningu og rekstri á langdrægri stafrænni farsímaþjónustu á þessu tíðnisviði
- ii. Gefa áhugasömum möguleika á að fá úthlutað tíðni á NMT – 450 MHz tíðnisviðinu til tímabundinna prófana árið 2009

Einnig lýsti PFS ætlun sinni að framlengja núverandi tíðniheimild til 1. september 2009 og var þar vísað til almannahagsmuna og öryggissjónarmiða þar sem ekki hefðu fengist óyggjandi staðfestingar frá rekstraraðilum annarra farsímakerfa um dekkun NMT þjónustuvæðisins.

Umsagnir hagsmunaaðila

Eftirfarandi aðilar sendu inn umsögn um umræðuskjalið:

Hringiðan ehf, IceCell ehf, Nova ehf, Og fjarskipti ehf, Síminn hf. Þá barst einnig viljayfirlýsing frá einum aðila sem hefur áhuga á að byggja upp stafrænt háhraða farsímanet á tíðnisviðinu.

Fyrirtækin eru nefnd A, B, C, D, E og F en þó er sami bókstafur ekki alltaf hafður um sama fyrirtæki.

Skipting tíðnisviðsins

Fram kom hjá A og C sú skoðun að forðast beri að úthluta öllu tíðnisviðinu til eins aðila eins og raunin var með NMT – 450 MHz tíðniheimildina nema að aðgangur annarra fjarskiptafélaga til að bjóða þjónustu þar sé tryggður. Þetta á sérstaklega við ef um er að ræða markaðsráðandi aðila.

D hefur gert tilboð í háhraðanetsútboð Ríkiskaupa og gerir þar ráð fyrir að fá úthlutun á 450 MHz tíðnisviðinu ef samið verður við viðkomandi aðila. Verði sú raunin verður nauðsynlegt að úthluta öllu tíðnisviði NMT – 450 til þessa verkefnis og telur viðkomandi aðili að raunar verði nauðsyn á meiri bandbreidd til framtíðar.

Afstaða PFS. Engin breyting hefur orðið á afstöðu PFS til þessa en í fyrra útboði á 450 MHz tíðnisviðinu var ákvæði um opinn aðgang. Þá má nefna það að í útboði Fjarskiptasjóðs vegna háhraðanets er kvöð um opinn aðgang. Einnig hvílir kvöð á Símanum að veita aðgang að NMT farsímakerfi sínu samkvæmt ákvörðun PFS númer 4/2007.

Engin afstaða hefur verið tekin til þess hvort öllu tíðnisviðinu verður úthlutað til eins aðila, allt eins líklegt er að því verði skipt upp ef þjónustan sem nýta á tíðnisviðið bíður upp á það.

Framlenging NMT – 450 MHz leyfisins

E fór í viðamikla stefnumótun eftir síðasta samráð um NMT – 450 MHz tíðnisviðið og hefur síðan byggt upp öflugt langdrægt farsímanet til þess að taka við notendum NMT þjónustunnar þegar slökkt verður á NMT kerfinu og gerði ráð fyrir að slíkt yrði gert um áramótin 2008/2009. Telur viðkomandi að ekki sé þörf á né rétt að breyta svo grunnforsendum sem fjarskiptafélögin byggja viðamiklar viðskiptalegar ákvarðanir sínar á og að með almannahagsmuni og öryggissjónarmið að leiðarljósi sé aðeins nauðsynlegt að framlengja leyfið á þeim svæðum sem GSM dekkar ekki nú. E hefur einnig lagt fram nákvæmt kort sem sýnir þjónustusvæði E í dag.

B er að vinna að áætlun um landsdekkandi þráðlausu breiðbandskerfi á 450 MHz tíðnisviðinu þar sem tryggt yrði að hvaða þjónustuaðili sem er geti nýtt sér kerfið. Óskar viðkomandi eftir því að fá að kynna áætlanir sínar fyrir PFS við fyrsta tækifæri.

Enginn hagsmunaaðilanna gerir athugasemdir við að hluta tíðnisviðsins verði úthlutað til tilrauna ef framlenging verður á NMT 450 MHz tíðnileyfinu.

Síminn hefur frá því að samráðsskjalið var sett fram óskað eftir að fá framlengingu á NMT – 450 MHz tíðnileyfinu til loka árs 2010. Einnig hefur Síminn lagt fram áætlun um það í hvaða röð verði slökkt á sendum NMT kerfisins og á hvaða svæðum árið 2009.

B hefur lagt fram kort og áætlanir vegna uppbyggingar 3G kerfis síns fyrir árið 2009.

Afstaða PFS. PFS telur að enn sé ekki forsvaranlegt út frá almannahagsmunum og öryggissjónarmiðum að slökkt verði á NMT kerfinu, án þess að tryggt sé að farsímaþjónusta sé til staðar á þeim svæðum sem detta út. Telur PFS að of mikil óvissa ríki um hugsanlega skerðingu á útbreiðslu langdrægrar farsímaþjónustu.

Jákvætt er hve mikil uppbygging hefur átt sér stað hjá rekstraraðilum GSM og 3G þjónustu um allt land og víða eru þessi kerfi farin að dekkja miðin líka, í vissum tilvikum betur en NMT kerfið. Það eru hins vegar víða á hálendinu og á sjó enn stór svæði þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að önnur þjónusta en NMT sé í boði. Vissulega er NMT kerfið bæði orðið gamalt og úrelt og erfitt að fá varahluti í það en með því að slökkva á sendum þar sem nú þegar er dekkun á GSM eða 3G ættu að einhverju marki að verða til varahlutir fyrir þá staði sem haldið verður í loftinu áfram.

Taka verður tillit til þess að enn er ósamið við tilboðsaðila vegna útboðs háhraðanets Fjarskiptasjóðs þar sem 450 MHz tíðnisviðið er hugsað til notkunar af einum þeirra sem gert hafa tilboð og hugsanlegt er að samið verði við.

Hvað varðar athugasemd E vegna mögulegs flutnings notenda til E við lokun NMT þjónustunnar þá má gera ráð fyrir að þessir notendur séu nú þegar með GSM/3G áskrift og noti hana frekar en NMT ef þeir eru í slíku sambandi. Því má leiða líkum að því að um takmarkaða tilfærslu á notendum milli þjónustutegunda og þjónustuaðila sé að ræða. Þá má einnig benda á að tíðniheimild fyrir CDMA 450 þjónustu sem ráðgerð var hefur nú verið afturkölluð. Sú þjónusta hefði verið meiri samkeppni við GSM/3G heldur en framlenging NMT 450 leyfisins.

Niðurstaða

Það er því niðurstaða PFS að framlengja NMT – 450 MHz leyfið til Símans til 31. desember 2009 með hugsanlegri framlengingu eftir það. Í ljósi þeirrar óvissu um skerðingu á útbreiðslu langdrægrar farsímaþjónustu á stórum svæðum á hálendinu og á miðunum er það mat PFS að Síminn og aðrir hagsmunaaðilar verði að leggja fram ítarlegri gögn um þéttleika útbreiðslu 3G og GSM. Á grundvelli slíkra gagna mun PFS taka ákvörðun um það hvort þörf sé á frekari framlengingu NMT tíðniheimildar Símans. Þurfa slík gögn að liggja fyrir eigi síðar en 30. september 2009.

Á þeim tíma verður einnig ljóst hvern samið hefur verið við af hálfu Fjarskiptasjóðs. Liggja þá allar forsendur fyrir sem nauðsynlegar eru til þess að PFS geti tekið ákvörðun sem tryggir þá útbreiðslu á farsímaþjónustu sem almannahagmunir og öryggissjónarmið krefjast.